



Dalabyggð

REGLUR UM NIÐURGREIÐSLU DAGGJALDA VEGNA DAGVISTUNAR Á EINKAHEIMILUM

Gildir frá 1. janúar 2014

- 1) Samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Dalabyggðar skal greiða niður daggjöld vegna barna sem eru í daggæslu í heimahúsum og eiga lögheimili í Dalabyggð. Reglur þessar gilda einnig um foreldra barna sem eiga lögheimili í Dalabyggð en dvelja tímabundið vegna náms eða starfa í öðru sveitarfélagi. Réttur til niðurgreiðslu gildir þar til leikskólapláss býðst.
- 2) Niðurgreiðslur eru háðar eftirfarandi skilyrðum:
 - a) Að dagforeldri hafi leyfi yfirvalda til daggæslu á heimili sínu.
 - b) Að barnið sé á aldrinum 6 mánaða til 6 ára (að upphafi skólagöngu).
 - c) Að fyrir liggi þjónustusamningur milli dagforeldris, foreldra og fulltrúa Dalabyggðar.
 - d) Námsmenn verða að skila vottorði skóla um fullt dagnám í upphafi hverrar annar.
- 3) Dagforeldri dregur frá reikningi foreldris þann hluta daggjaldsins sem er niðurgreiddur og innheimtir þá fjárhæð á sérstöku eyðublaði mánaðarlega. Foreldrar greiða þá upphæð sem eftir stendur í upphafi hvers mánaðar. Dagforeldrar skila yfirliti mánaðarins til Dalabyggðar á útfylltum eyðublöðum fyrir hver mánaðamót. Yfirlitið skal vera vottað af viðkomandi foreldri. Dagforeldrar fá endurgreiðslur lagðar inn á bankareikning 5. hvers mánaðar.
- 4) Viðbótarniðurgreiðsla er greidd vegna systkina sem eru bæði hjá dagforeldrum. Einnig ef annað barnið er hjá dagforeldri og hitt í leikskóla. Sjá lið 6.
- 5) Daggjöld eru niðurgreidd í 11 mánuði á ári fyrir hvert barn.
- 6) Niðurgreiðslur eru skv. eftirfarandi gjaldskrá:

2014	Niðurgreidd daggjöld			Viðbótargreiðslur v/systkina		
	Flokkur 1	Flokkur 2	Flokkur 3	Flokkur 1	Flokkur 2	Flokkur 3
	Hjón/ sambúð	Annað for./ báðir í námi	Einst.for./ báðir í námi	Hjón/ sambúð	Annað for. í námi	Einst.for./ báðir í námi
	Niðurgr.pr.klst.			Niðurgr.pr.klst.		
	5.291	5.771	6.252	1.323	1.443	1.564
Vistunartími	Niðurgr.pr.mán.			Niðurgr.pr.mán.		
4 stundir	21.164	23.086	25.008	5.291	5.770	6.254
5 stundir	26.455	28.857	31.260	6.614	7.213	7.818
6 stundir	31.746	34.629	37.512	7.937	8.656	9.381
7 stundir	37.037	40.400	43.764	9.259	10.098	10.945
8 stundir	42.328	46.172	50.016	10.582	11.541	12.508
9 stundir	47.619	51.943	56.268	11.905	12.983	14.072

Reglur þessar voru samþykktar í sveitarstjórn Dalabyggðar 17. desember 2013

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri